

**Stuðboltarnir**  
**1. fundur**  
**Nemendafulltrúaráð 7. – 10. bekkja**  
**Fundur 4. október 2018**

1. Helga Fríður Garðarsdóttir bauð Stuðbolta velkomna á þennan fyrsta fund stuðbolta og ræddi við þá um hlutverk þeirra sem stuðboltar. Áður en farið var af stað í að ræða fundarefni fórum við í hrósleik þar sem allir áttu að segja eitthvað jákvætt um þann sem sat þeim á vinstri hönd.

2. Hrós. Hvernig lætur það okkur líða? Bæði þeim sem hrósa og einnig þeim sem hrósið fær? Kunnum við einhverja hrósleiki? Hvernig getum við meðvitað aukið það að hrósa hverju öðru, án þess þó að það verið vélrænt eða ósannfærandi?

Eftirfarandi hugmyndir og umræður komu fram:

- Flestir eru duglegir að hrósa
- Mest er hrósað í íþróttum
- Hrósað er fyrir útlit
- Flestir standa sig vel, einhverjir gætu bætt sig
- Hengja um spakmæli á veggina í skóla og í þrumunni með áminningu um hrós
- Hrós er afar mikilvægt, þá líður okkur vel
- Gerir daginn betri og skemmtilegri
- Getur verið skrítið að hrósa öðrum upp úr þurru
- Setja í gang hrósmiða
- Viðmið allra að hrósa 1x á dag
- Mikilvægt að fá hrós þegar maður á það skilið
- Krakkarnir í 7.D fengu verkefni í þessu samhengi sem var að hrósa einhverjum vinni/vinkonu sem ekki er í bekknum og vissi ekki af verkefninu. Einnig áttu þau að prufa

Þetta heima, að hrósa mömmu og/eða pabba og fylgjast með viðbrögðunum og því hvernig þeim sjálfum leið. Verkefnið var að þeirra mati mjög skemmtilegt og niðurstaðan oftast sú sama, þetta veitir vellíðan og gleður, bæði þann sem hrósið fær og þeim sem hrósar. Það kom þeim á óvart hvað það er þeim misjafnt í lag sett að hrósa öðrum, á meðan sumir áttu erfitt með að finna hvað hægt væri að hrósa fyrir reyndist öðrum það mjög auðvelt. Þannig að niðurstaðan var eiginlega sú að þetta eins og svo margt annað snýst um æfingu og þjálfun.

3. Tungumálið okkar íslenska. Tungumálið okkar hefur sérstöðu því einungis 310.000 af heiminum tala hana. Erum við kannski að tapa tungumálinu okkar eins og við þekktum það? Er okkur alveg sama? Getum við eitthvað gert? Hvað með áhrif frá youtube, tölvunotkun o.fl.?

Eftirfarandi hugmyndir og umræður komu fram:

- Krakkar í dag „sletta“ því þau finna ekki íslenska orðið
- Það væri ráð að þau myndu syngja meira á íslensku
- Það mætti oftar vekja athygli á íslensku og stöðu hennar í fréttunum
- Mætti stundum syngja saman í frímínútum eða í matsalnum
- Íslenskan er okkur mjög mikilvæg
- Fáir kunna hana í heiminum og það gerir hana mjög einstaka
- Það er erfitt að læra íslensku
- Við notum „slettur“ í daglegu tali en það er ekkert að því

#### 4. Önnur mál sem rædd voru um bættan skólabrag:

- Það mætti gjarnan opna stofurnar fyrr á morgnanna
- Fá þægilegri stóla til að sitja á, ekki tré eða plast
- Fá skrifborðsstóla fyrir unglíngastigið, byrja alla vega á 10 b.
- Hafa sófa í öllum stofum
- Fá fleiri borð á gangana
- Laga aparóluna
- Blakvöllurinn aldrei notaður
- Fá trampólín, tvö stór eða nokkur lítil
- Trampólín körfuboltavöllur
- Hafa góða geymslu undir körfuboltana
- Fá ærslabelg / hoppubelg
- Fá ipata sem þau geta tekið með sér heima
- Fá betri mat / meira úrval og stundum pizzur
- Ef síminn er tekin af þeim þá ekki að fara með hann til skólastjóra
- Sleppa kjötsúpu og hafa kakósúpu í staðinn
- Fiskurinn er aldrei góður, mætti sleppa honum alveg
- Hafa rafmagnslausan dag/gamaldagsdag. Þá mæta allir í eldgömlum fötum og allt haft eins og í gamla daga, skrifað með gömlum pennum og allt haft gamaldags
- Hafa fjörugan föstudag og hafa hann þá búningadag

Fleira ekki gert, fundi slitið

Helga Friður Garðarsdóttir